



Fjármálaráðherra  
Bjarni Benediktsson  
Fjármálaráðuneytið  
Arnarhvoli - Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2021

**Efni: Fyrirsjáanleiki við skattlagningu rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinn bifreiða.**

Hæstvirtu ráðherra,

Samtök ferðaþjónustunnar og Bílgreinasambandið, hér eftir nefnd sameiginlega samtökin vilja byrja á að þakka fyrir góðar umræður á fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytisins 7. apríl s.l. Á fundinum var farið yfir efnisatriði í erindi samtakanna frá 5. mars s.l. sem snerist um meðhöndlun VSK við endursölu rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinn bifreiða en skv. bráðabirgðaákvæði XXIV í lögum um virðisaukaskatt nr 50/1998 þarf að skila VSK af endursölu vistvænna bifreiða 36 mánuðum eftir nýskráningu, þrátt fyrir að enginn vsk frádráttur hafi verið nýttur við innkaup þeirra. Þetta ákvæði er íþyngjandi fyrir fyrirtæki í atvinnustarfsemi og þá sérstaklega ökutækjaleigur sem hafa hlutfallslega mikil umsvif á eftirmarkaði með bifreiðar. Ákvæðið hefur talsverð áhrif á vilja ökutækjaleiga til að fjárfesta í vistvænum bifreiðum þrátt fyrir núgildandi hvata þar sem afföll eru gríðarleg við sölu innan 36 mánaða.

Á áður nefndum fundi kom fram ósk um að samtökin legðu fram hugmyndir sínar um lausn á vandamálinu og frekari rök fyrir þeim að afnema ákvæði um að skila VSK við endursölu vistvænna bifreiða eftir 36 mánuði frá fyrstu skráningu hér á landi. **Til að stuðla að fyrirsjáanleika í rekstarumhverfi ökutækjaleiga leggja samtökin til að útreikningur á virðisaukaskatti við endursölu rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinn bifreiða verði með sama hætti og þegar bifreið var fyrst skráð hér á landi.**

Hér á eftir eru punktar sem rökstyðja enn frekar beiðni samtakanna um að vsk kvöð við endursölu umræddra bifreiða verði afnumin:

- Afföll á rafmagns- vetnis- eða tengil-tvinn bifreiðum eru hærrí hjá ökutækjaleigum en hjá einstaklingum og öðrum fyrirtækjum.
  - Ástæðan er sú að þegar ökutækjaleiga selur rafmagns- vetnis- eða tengil-tvinn bifreiðar þarf að haga skilum á skatti í takt við þær reglur sem eru í gildi á þeim tíma þegar bifreið er seld. Ökutækjaleigur kaupa í dag bifreiðar með VSK ívilnun (eins og allir aðrir) þessar bifreiðar eru því ekki innskattaðar við kaup, en þegar bifreið er seld að ákveðnum tíma liðnum myndast skylda hjá ökutækjaleigum að skila vsk af söluandvirði bifreiðar, **þó svo enginn VSK hafi verið nýttur til frádráttar útskatti við kaup bifreiðar.** Þetta dregur úr vilja bílaeigu til að fjárfesta í slíkum bifreiðum.
    - Sem dæmi nefna að bílaeiga kaupir tengil-tvinn bifreið skrásett 31. des 2021 á 4.000.000 kr. Enginn VSK er greiddur við kaup á bílnum (niðurfelling 960.000). Ef bílaeiga selur þennan saman bíl eftir 1. jan 2022 þá þarf hún að skila vsk af 2.000.000 kr af söluandvirðinu (niðurfelling 480.000). Ef bílaeiga selur þennan bíl 1. jan 2023 þarf bílaeiga að skila VSK af öllu söluandvirðinu (engin niðurfelling).



- Ef einstaklingur eða annað fyrirtæki kaupir þennan sama bíl, þá þarf á engum tímapunkti að skila VSK að söluandvirði bílsins, sem skeykir samkeppnisstöðu ökutækjaleiga á eftirmarkaði.
- Þetta fyrirkomulag verður til þess að afföll bílaleigu af rafmagns- vetnis- eða tengil-tvinn bifreiðum eru hærri en annarra sem nemur þeim VSK sem þarf að skila af söluandvirði bílsins við sölu. Þar sem fyrirsjáanleiki er takmarkaður kalla þetta á hærra útleiguverð og dregur verulega úr eftirspurn eftir svona bifreiðum í leigu, sem dregur úr krafti orkuskipta.
- Þess ber að geta að þegar kvótum um heildarskráningu á rafmagns- vetnis- eða tengiltvinn bifreiðum er náð ( 15.000 st af hvorri gerð ), þá fellur niðurfelling úr gildi. Þetta fyrirkomulag er ógerningur fyrir ökutækjaleigur þar sem tímapunkturinn er ekki ákveðinn og því ómögulegt fella þennan þátt undir fjárhagsáætlanir. Til að ná árangri í orkuskiptum þurfa ívilnanir að gilda a.m.k. þar til helmingur af skráðum fólksbifreiðum er orðinn vistvænn eða þar til söluverð á rafmagns- vetnis- eða tengiltvinn bifreiðum er samkeppnishæft við verð á hefðbundum bifreiðum.
- Að mati samtakanna vantar því miður **FYRIRSJÁANLEIKA** í skattlagningu á þessum bifreiðum fyrir ökutækjaleigur þannig að þær geti haldið áfram að fjárfesta í þeim. **Því leggja samtökin til að virðisaukaskattur á endursölu rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinn bifreiða verði í samræmi við það sem gildi þegar bifreið var fyrst skráð.**

Samtök ferðaþjónustunnar eru meðvituð um að þær breytingar sem gerðar voru á bráðbirgðarákvæði XXIV í lögum 50/1988 með lögum 133/2020 var vissulega jákvætt skref en meingölluð aðgerð. Þar eru lögð að jöfnu fyrsta skráning bifreiða erlendis og nýskráning ásamt endursölu hér á landi. Samtökin eru sannarlega samþykkt því að takmarka aldur nýskráðra bifreiða sem ganga fyrir vistvænu eldsneyti. Það má þó ekki ganga yfir sanngirni og fyrirsjáanleika við endursölu bifreiðanna eftir nýskráningu og viljann til að fjármagna eða leigja út rafmagns-, vetnis- eða tengil-tvinn bifreiðum og stuðla þannig að auknum krafti í orkuskiptum.

- **Ef hægt er að milda afföllin með því að eiga bifreiðar lengur er hægt að bjóða þau til leigu á samkeppnishæfu verði sem einfaldar allar áætlanir til orkuskipta.**

Eins og fram kom í erindi samtakanna frá 5. mars eru áhrif þeirrar tillögu sem samtökin óska eftir afar takmörkuð á ríkissjóð þar sem ökutækjaleigur munu að öllu óbreyttu selja bíla fyrir 36 mánuði ef ekkert er að hafst og á sama tíma verður framboð vistvænna bifreiða til útleigu takmarkað. Áhrifin af lengingu tímabils birtast hins vegar í því að langtímaleiga á vistvænum bifreiðum verður fýsilegri og eflir takt orkuskipta.

Samtökin óska eftir að eiga fund með ráðherra eða fulltrúum ráðherra til að fara nánar yfir efnisatriði þessa erindis.

Virðingafyllst

Fyrir hönd Bílgreinasambandsins.

María Jóna Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar.

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri bílaleigu